



Fossvogsbrún 8

Umsókn um lóðarstækkun

Dags. 2. júní 2023


Minnisblað skipulagsdeildar.

Inngangur: Lóðarhafar að Fossvogsbrún 8, sækja um lóðarstækkun að lóðinni. Óskað er eftir að lóðin verði framlengd í vestur, sjá erindi dags. 27. apríl 2023. Vatns- og fráveitulagnir liggja skammt frá lóðarmörkum til vesturs og samkvæmt tillögunni myndi lóðarstækkunin ná eins langt og leyfilegt er, að fyrrnefndum lögnum.




Tillaga að lóðarstækkun – merkt með rauðu

Forsendur: Lóðin er á ódeiliskipulögðu svæði, en mörk deiliskipulags Fossvogsdals liggja nálægt núverandi lóðarmörkum nr. 8 við Fossvogsbrún. Samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er lóðin á íbúðarsvæði en fyrirhuguð stækkun myndi fara út fyrir það svæði og yfir á skilgreint opið svæði.



Landnotkun skv. aðalskipulagi – með loftmynd og lóðarmörkum



Hluti af deiliskipulagi Fossvogsdals

Niðurlag: Það er mat skipulagsdeildar að umsóknin sé ekki í samræmi við stefnu bæjarins, og mælir því ekki með að lóðin sé stækkuð þar sem hún myndi fara yfir skilgreint opið svæði í aðalskipulagi. Lóðarstækkun af þessu tagi yrði mjög fordæmisgefandi fyrir aðrar lóðir við Fossvogsbrún ásamt öðrum lóðum í Kópavogi sem hafa lóðarmörk upp að opnum svæðum.